

## Aðalfundur foreldrafélagsins vegna starfsársins 2014-2015

Fundur haldinn í kennarastofu skólans þann 21.05.2015 kl. 20:00

Mætt voru: Erla Björg Helgadóttir, Katrín Ingólfadóttir, Eiður Baldursson, Nanna Andrea Jónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson og Hrund Pétursdóttir frá foreldrafélaginu. Óskar Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir frá Árskóla. Guðrún Sighvatsdóttir og Jóna Salvör Kristinsdóttir, foreldrar.

Dagskrá:

1. Fundarstjóri. Þorsteinn var skipaður fundarstjóri.
2. Skýrsla stjórnar. Hrund fór yfir starf foreldrafélagsins veturinn 2014-2015.
  - Fundur var haldin með tengiliðum í febrúar sl. Markmiðið er að halda áfram þeirri vinnu næsta haust.
  - Öskudagurinn var í höndum stjórnar foreldrafélagsins. Fengu þau 10. bekk til að halda utan um skemmtunina.
  - Samþykkt hefur verið að bjóða skólanum í bíóferð næsta haust. Hugmyndin er að skipast á að nýta rekstrarafgang til gjafakaupa og svo viðburða fyrir börnin.
  - Foreldrafélagið mun gefa ís á grilldeginum.
3. Reikningar. Nanna fór yfir reikninga félagsins. Tekjur voru 417.402 kr., gjöld 241.323 kr. og rekstrarniðurstaða 176.079. Staða á bankareikningi félagsins þann 15.05. var 299.614.

Reikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

4. Skipun nýrrar stjórnar. Eiður og Nanna hætta í stjórn og koma Sigrún Baldursdóttir og Jóna Salvör Kristinsdóttir nýjar inn. Stjórnin verður eftirfarandi:
  - Hrund Pétursdóttir, formaður
  - Erla Björk Helgadóttir, ritari
  - Katrín Ingólfadóttir, gjaldkeri
  - Þorsteinn Guðmundsson
  - Sigrún Baldursdóttir
  - Jóna Salvör Kristinsdóttir
  - Steinar Gunnarsson

Þorsteinn verður áfram fulltrúi foreldrafélagsins í skólaráði.

5. Önnur mál.
  - Verkefni haustsins er að kjósa 2 fulltrúa úr hópi tengiliða inn í skólaráð.
  - Setja starfáætlun fyrir foreldrafélagið og setja inn á síðu skólans.
  - Fyrsti fundur foreldrafélagsins verður haldinn 26. ágúst kl. 20:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:35.